



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. XXX – Breytingatillaga á þingskjali 2

### Reglugerð um körfuknattleiksmót

#### 14. grein

##### FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með ungmennaflokki út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram 1. júlí ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber, nema annað sé tiltekið sérstaklega í reglugerð. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 10. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. XXX – Breytingatillaga á þingskjali 2

~~á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ. [...]~~

*Jóhanna Jakobsdóttir, Aþena*

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld